

### **123.rafrænn fundur framkvæmdastjórnar um vatnsvernd höfuðborgarsvæðisins var haldinn þann 25. júní 2018.**

Fundinn sátu: Árný Sigurðardóttir hjá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur, Guðmundur H. Einarsson hjá Heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis og Þorsteinn Narfason hjá Heilbrigðiseftirliti Kjósarsvæðis sem jafnframt ritaði fundargerð.

#### **1. Lagning 11 kW. jarðstrengs að Gvendarbrunnum beiðni um umsögn.**

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 13. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um hvort lagning 11 kW. jarðstrengs, 2,1 km frá Rauðvatni að Gvendarbrunnum skuli háð mati á umhverfisáhrifum og hvort gerð sé nægjanlega grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar, mótvægisáðgerðum og vöktun. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur vísar málinu til framkvæmdastjórnar um vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins.

Framkvæmdin er háð tímabundnu starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur vegna framkvæmda innan vatnsverndarsvæðis og verða framkvæmdinni sett sértæk sértæk skilyrði í stafsleyfi m.t.t. vatnsverndar í samræmi við samþykkt nr.555/2015 um vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu. Í samræmi við grein 56. í samþykkt nr. 555/2015 um vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins skulu framkvæmdaaðilar skila inn áhættumati sem nær bæði til framkvæmda og reksturs áður en sótt er um starfsleyfi fyrir starfseminni.

Framkvæmdastjórn um vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins telur framkvæmdina ekki háða mati á umhverfisáhrifum, miðað við fyrirliggjandi gögn.

#### **2. Önnur mál. Frávik við framkvæmdir á brunnsvæði þann 6.6.2018.**

Lagt fram afrit af tölvupósti Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis frá 6. júní 2018 vegna atviks á brunnsvæði þegar hross var komið þar inn fyrir girðingu.

Framkvæmdastjórn telur nauðsynlegt að ástæða fráviksins verði rannsökuð og ákveðið hvaða fyrirbyggjandi aðgerðir eru nauðsynlegar til að hindra að atvik eins og þetta endurtaki sig.